



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Skrifstofa MÍR

Reykjavík, 8. október 2025

MIR24010004

MINNISBLAÐ

um innleiðingu tillagna stýrihóps um aukið frístundastarf á Kjalarnesi

Menningar-, íþrotta- og tómstundaráð samþykkti á 105. fundi sínum 12. janúar 2024 tillögu meirihluta Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokks um að settur yrði á fót stýrihópur sem hefði það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþrotta – og frístundastarfi, þar með talið listnámi.

Stýrihópurinn skilaði af sér skýrslu og kynnti tillögur á fundi Menningar- og íþróttaráðs 21. febrúar 2025, sjá fylgiskjöl. Í skýrslunni kom fram að mikill kynjamunur væri á þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi, þar sem þátttaka stúlkna væri marktækt mun minni en stráka. Tillögur hópsins miðuðu því m.a. að auka framboð á frístundatilboðum sem höfðu til stúlkna, með hliðsjón af viðhorfskönnun sem gerð var meðal nemenda í Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Ýmsar tillögur komu fram í skýrslu stýrihópsins, einkum varðandi ný frístundatilboð sem raunhæft er að hrinda í framkvæmd hratt og vel en aðrar varðandi mannvirki sem margar hverja kalla á verulegt fjármagn og þarf að vísa til undirbúnings fjárfestingaráætlunar.

Ungmennafélagið á Kjalarnesi stendur fyrir æfingum í sundi, knattspyrnu og körfuknattleik, fimleikum yngri barna og styrktarþjálfun á unglingastigi. Þessu til viðbótar þá hefur sú breyting sem átti sér stað í haust á þjónustu Strætó á Kjalarnesi haft jákvæð áhrif fyrir eldri nemendur sem eru að sækja og vilja sækja íþróttir til dæmis í Egilshöll og í Varmá. Samspil þessara þátta hafa ásamt fleiru, leitt til þess að nýting Frístundakorts á Kjalarnesi hefur aukist til muna á árinu 2025.

Varðandi innleiðingu á tillögum stýrihópsins þá stendur til að koma á fót danskennslu í haust í samstarfi við Austurmiðstöð, þar sem hægt verður að nota frístundakortið til greiðslu þáttökugjalda.

Þá er unnið að því í samstarfi við stjórnendur Klébergsskóla og félagsmiðstöðina að leggja drög að kórastarfi í samræmi við tillögu stýrihópsins.

Loks er unnið að því með Björgunarsveitinni Kili að efla ungmennastarf björgunarsveitarinnar, sem nýju frístundatilboði fyrir ungmenni á Kjalarnesi.